

Bráðabirgðaákvörðun

Landssími Íslands hf.
gegn
Og fjarskiptum

Erindið

Með bréfi, dags. 2. apríl 2003, gerði Landssími Íslands (LÍ) svohljóðandi kröfu með vísun í 11. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun (PFS):

“Þess er krafist að Póst- og fjarskiptastofnun taki þegar í stað og í síðasta lagi á hádegi mánudaginn 5. apríl 2004 bráðabirgðaákvörðun þess efnis að Og fjarskipti hf. verði gert að afhenda númeraseríuna 440 2000-440 2999, en þessa seríu á að virkja á stofntengingu Íslandsbanka hf. að Kirkjusandi”

Málavexti segir LÍ vera þá að þann 9. mars s.l. hafi verið undirritaður samningur milli Íslandsbanka hf. og LÍ um fjarskiptaþjónustu fyrir bankann. Þrátt fyrir þetta hafi Og fjarskipti hf. (OGF) allar götur síðan þá haft uppi samkeppnishindrandi tilburði og synjað um að afhenda umbeðna númeraseríu á þeirri forsendu að Íslandsbanki hafi eingöngu verið með frátekna númeraseríuna 440-4xxx, sem sé efnislega rangt og til stuðnings þeirri fullyrðingu fylgdu með kröfunni afrit af tveimur tölvupóstum frá Og fjarskiptum.

Þá kom fram að Íslandsbanki hygðist nota 440-2000 númeraröðina undir merkjum Sjóvár Almennra.

Krafa um bráðabirgðaákvörðun var rökstudd með eftirfarandi hætti: *“Það sem gerir málið sérstaklega brýnt er sú staðreynd, að prentun Símaskrár stendur nú yfir og lokafrestur til að gera breytingar hvað varðar orð sem byrja á S rennur út á hádegi mánudaginn 5. apríl. Því er ljóst að veruleg hætta er á að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi fari forgörðum og verulegt fjártjón eigi sér stað.”*

Með bréfi, dags. 2. apríl sendi PFS erindi LÍ til OGF og óskaði eftir greinargerð fyrir kl. 10 á hádegi mánudaginn 5. apríl.

Greinargerð OGF barst fyrir þann tíma og í henni færir fyrirtækið m.a. eftirtalin rök fyrir höfnun á flutningi á númeraseríunni 440 2000-440 2999.

Að Íslandsbanki hf. og Sjóvá- Almennar tryggingar hf. séu hvor um sig sjálfstæð lögpersóna og ekkert í lögum um fjarskipti eða Póst- og fjarskiptastofnun kveði á um að einstakir fjarskiptanotendur geti krafist tiltekinnar númeraraðar í því skyni að afhenda hana öðrum fjarskiptanotendum með eða án gjalds.

Í greinargerðinni kemur einnig fram eftirfarandi skilningur á 3. mgr. 10. gr. reglna um númeraflutning og sagt að viðskiptavinur sem flytur viðskipti sín eigi rétt á að flytja samtímis númer sem eru laus í sömu númeraröð. Í málinu sé þess krafist að númeraröð, sem er með öllu óviðkomandi Íslandsbanka verði tekin af OGF. Hér sé ekki beðið um númer í sömu númeraröð heldur er beðið um nýja númeraröð.

Einnig kom fram að í ákvæðinu sé miðað við að númerin verði að vera í beinu framhaldi af númerum í notkun. Það skilyrði sé ekki uppfyllt þar sem beðið er um númeraröð framar í töluröð, en ekki í beinu framhaldi.

Þá sé í lokamálsgreininni miðað við að viðskiptavinur geti síðar beðið um númer sem eru laus í sömu númeraröð, það geti ekki átt við hér þar sem ekki er beðið um númer í sömu númeraröð.

OGF getur einnig ekki orðið við beiðni LÍ þar sem miðað sé við að númer í tiltekinni númeraröð séu laus, þ.e. að þeim hafi ekki verið ráðstafað. Það skilyrði sé ekki uppfyllt þar sem OGF hafi þegar ráðstafað hinni umdeildu númeraröð með viðskiptasamningi við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. sem gerður hafi verið fyrir nokkru. PFS óskaði eftir í símtali við lögmann OGF að stofnunin fengi afrit af þeim samningi sem gerður hafði verið á milli OGF og Sjóvá Almennra trygginga. Fram kom að enginn skriflegur samningur hafi enn verið gerður á milli fyrirtækjanna en forstjórar fyrirtækjanna hafi staðið að samningnum.

Niðurstaða

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar er í 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en samkvæmt ákvæðinu er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni. Ekki eru efni til að draga í efa að frestur til að setja inn breytingar á númerum Íslandsbanka vegna Sjóvár Almennra í Símaskrá rennur út mánudaginn 5. apríl og að eftir það sé engar breytingar hægt að gera á efni Símaskrár. Skiptir því miklu máli fyrir LÍ fyrir hönd Íslandsbanka að fá úr því skorið fyrir þann tíma hvort þeir eigi rétt á númeraröðinni 440 2000- 440 2999 eða ekki, svo hægt sé að setja númerin í Símaskrá. Ákvörðun eftir þann tíma kæmi LÍ og þar af leiðandi Íslandsbanka ekki að neinum notum. Samkvæmt því eru lagaskilyrði til töku bráðabirgðaákvörðunar uppfyllt í þessu máli.

Í kærnu LÍ og greinargerð OGF virðast báðir aðilar gera ráð fyrir því að þeir séu með viðskiptasamning við Sjóvá Almennar um að fyrirtækin sjái félaginu fyrir fjarskiptaþjónustu. Þar sem enginn skriflegur samningur er til á milli OGF og Sjóvá Almennra um veitingu á fjarskiptaþjónustu verður að miða við í þessu máli að fyrirtækið séu áfram í viðskiptum við LÍ eins og þeir hafa verið hingað til og nú sem hluti af Íslandsbankasamstæðunni. Ef hins vegar í ljós kemur seinna að slíkur samningur hafi verið gerður þá eiga OGF skýlausan rétt samkvæmt reglum um númeraflutning að fá númerin flutt til baka aftur svo þeir geti veitt fyrirtækinu umsamda fjarskiptaþjónustu. Þeirri málsástæðu OGF að ekki sé hægt að flytja númerin vegna þess að þeim hafi þegar verið ráðstafað til Sjóvár-Almennra er því hafnað.

Vegna þeirra málsástæðu OGF að Íslandsbanki hf. og Sjóvá Almennar tryggingar séu hvor um sig sjálfstæð lögpersóna óskaði PFS eftir því í símtali við LÍ að hann legði fram gögn því til stuðnings, hvernig tengslum Íslandsbanka og Sjóvá Almennra væri háttað. Fram kom að Sjóvá –Almennra sé dótturfélag í 100% eigu Íslandsbanka og að það hafi verið staðfest á hluthafafundi bankans. Þá voru einnig lögð fram gögn sem sína að fjarskiptastarfsemi Sjóvá Almennra tilheyri Íslandsbanka. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fyrir PFS um tengsl Íslandsbanka og Sjóvá Almennra er einsýnt

að fyrirtækin koma fram sem ein heild að því er viðkemur kaupum á fjarskiptapjónustu og LÍ fyrir hönd Íslandsbanka því heimilt samkvæmt reglum um númeraflutning að óska eftir að umbeðin númeraröð verði flutt ef skilyrði reglna um númeraflutning eru að öðru leiti uppfyllt.

Í 1. ml. 3. mgr. 10. gr. reglna um númeraflutning er svohljóðandi regla: *“Áskrifandi sem flytur sig milli fjarskiptafyrirtækja og vill halda númerum sínum í innvalsstöð skal eiga þess kost að flytja samtímis númer sem eru laus í sömu númeraröð í beinu framhaldi af númerum sem hafa verið í notkun”*

Í 1. gr. er innvalsnúmeraröð skýrð á eftirfarandi hátt

“Innvalsnúmeraröð: Samfelld röð númera sem úthlutað hefur verið áskrifenda til notkunar og gerir mögulegt að beina símtölum til einstakra notenda í einkasímstöð eða einkanet hans í samræmi við síðustu tölustafi númeranna”

Ekki er skýrt tekið fram í reglunum hvað innvalsnúmeraröð getur verið löng, heldur verður það að ráðast af atvikum hverju sinni. Þannig hafa stór fyrirtæki þörf fyrir stærri innvalsnúmeraraðir en lítil fyrirtæki, sem geta verið með skilgreinda innvalsnúmeraröð allt niður í 10 númer. Íslandsbanki hefur t.d. fengið úthlutað númeraröðunum 440 3000-440 3999 og 440 4000-440 4999. Samtals hefur fyrirtækið nú til ráðstöfunar 2000 númer undir starfsemi sína. Líta verður svo á að röðin 440 2000-440 2999, sem aðila deilir á um hvort skylt sé að flytja samkvæmt reglum um númeraflutning, sé í beinu framhaldi af þeim númerum sem eru í notkun hjá Íslandsbanka nú í dag, sbr. 1. ml. 3. mgr. 10. gr. reglna um númeraflutning. Ekki skiptir máli í því sambandi þótt röðin sé framar í töluröð. Samkvæmt því á LÍ rétt á að fá flutta númeraröðina 440 2000-440 2999 frá OGF yfir til LÍ til úthlutunar fyrir starfssemi Íslandsbanka vegna Sjóvá Almennra.

Ákvörðunarorð

Og fjarskiptum hf. ber að flytja númeraröðina 440 2000-440 2999 yfir til Landssíma Íslands hf. til úthlutunar fyrir starfssemi Íslandsbanka, vegna Sjóvá Almennra.

Póst- og fjarskiptastofnun, 5. apríl 2004